

Skipan þessi um veiðar færeyskra skipa á Íslandsmiðum kemur í stað eldra fyrirkomulags um sama efni og gildir til 13. nóvember 1975.

Hendan skipanin fyrir fiskiskapin hjá föroyskum skipum á íslensku landleiðini avloysir eldri skipanir um sama mál og er galdandi til 13. november 1975.

Reykjavík, 22. febrúar 1975.

Staðfest:

Einar Ágústsson.
Matthías Bjarnason.

Atli P. Dam.
Pétur Reinert.

Nr. 5.

22. apríl 1975.

AUGLÝSING

um niðurfellingu samkomulags Íslands og Danmerkur frá 1. ágúst 1961
um aðstöðu færeyinga til handfæraveiða við Ísland.

Með hliðsjón af nýjum fiskveiðiheimildum færeyinga við Ísland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C-deild nr. 4/1975 hefur samkomulag Íslands og Danmerkur frá 1. ágúst 1961 um aðstöðu færeyinga til handfæraveiða við Ísland (sjá Samningar Íslands við erlend ríki, II. bindi, bls. 1099—1100) í dag verið formlega numið úr gildi með orðsendingaskiptum milli utanríkisráðuneytisins og danska sendiráðsins í Reykjavík. Í orðsendingaskiptunum er kveðið svo á, að samkomulagið skuli teljast niður fallið frá 22. febrúar 1975 að telja, en þann dag tóku hinar nýju fiskveiðiheimildir gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. apríl 1975.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 6.

22. apríl 1975.

AUGLÝSING

um fullgildingu samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg
fyrir árekstra á sjó, 1972.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 7 frá 26. febrúar 1975 var framkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMCO) hinn 21. apríl 1975 afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, sem undirrituð var í London hinn 20. október 1972.

Samkvæmt 4. grein samþykktarinnar skal hún ganga í gildi þegar liðnir eru 12 mánuðir frá þeim degi, er að minnsta kosti 15 ríki hafa gerst aðilar, enda eigi þau ekki minna en 65% af kaupskipum heims, 100 rúmlesta eða stærri, miðað annaðhvort við fjölda eða rúmlestatölu eftir því hvoru markinu verður fyrr náð. — Nánar verður auglýst um gildistöku síðar.